

Fundargerð

180. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 3. febrúar 2016 kl. 13.30 að Furuvöllum 1, Akureyri.

Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar borin upp til kynningar, samþykkt og undirrituð.**
2. **Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 7/1998 (losun frá iðnaði o.fl.), lagt fyrir á 145. löggjafarþingi 2015-2016. Kynnt verða helstu álitamál sem fram hafa komið á fundum Samtaka heilbrigðis-
eftirlitssvæða með ráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og
Samtökum atvinnulífsins og umsögn Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða
á Íslandi (SHÍ).**

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi skýrði frá umræðu og skoðanaskiptum vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og kynnti niðurstöður frá fundi Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ) þann 1. febrúar s.l. ásamt umsögn SHÍ til ráðherra dags. 3. febrúar 2016. Heilbrigðisnefnd fjallaði um frumvarpsdrögin á fundi sínum þann 13. janúar s.l. og kom bókun á framfæri við ráðherra í beinu framhaldi af þeim fundi og tekur heilshugar undir þær athugasemdir og ábendingar sem fram koma í meðfylgjandi umsögn SHÍ dags. 3. febrúar 2016.

3. **Tillögur Sambands íslenskra sveitarfélaga og umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir í framhaldi af úrskurði ÚUA nr. 26/2014; númerslaus bifreið á almannafæri.**

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi kynnti tillögur Sambands íslenskra sveitarfélaga og Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar að breytingum á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir í framhaldi af úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 26/2014. Í úrskurðinum kemur fram að heilbrigðisnefnd Reykjavíkur hafi skort heimild til að framselja umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur vald sitt skv. lögum um nr. 7/1998 og reglugerðum settum skv. þeim í máli þar sem númerslaus bíll var fjarlægður af almannafæri.

4. **Minnisblað Félags slökkviliðsstjóra á Íslandi (FSÍ) til Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi fjárhagslega áhættu sveitarfélaga vegna mengunaróhappa; kynning.**

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi skýrði frá ábendingu Sambands íslenskra sveitarfélaga til Umhverfisráðuneytis um að skoða mögulegar breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarir varðandi ábyrgð og viðbrögð við mengunaróhöppum. Tílefni þessa eru minnisblöð frá Slökkviliði höfuðborgar-
svæðisins og Félagi slökkviliðsstjóra á Íslandi um fjárhagslega áhættu sveitar-
félaga vegna mengunaróhappa, sbr. dóm hæstaréttar nr. 462/2007 (Hringrás,
bruni á athafnasvæði og kostnaður sveitarfélaga vegna þessa).

5. Brennsluofnar fyrir áhættuvefi í sláturhúsum og kjötvinnslum, kynning.

María Markúsdóttir heilbrigðisfulltrúi skýrði frá áformum sláturleyfishafa um að stofna og reka brennsluofna fyrir áhættuvefi og annan lífrænan úrgang við sláturhús og kjötvinnslur; þannig að mæta megi kröfum Matvælastofnunar um brennslu á áhættuvefjum í flokki 1 (varnir gegn riðu og öðrum líkum sjúkdómum). Fram kom að skylt er að tilkynna áform um brennsluofna til Skipulagsstofnunar og skipulagsyfirvalda sveitarfélaga og þá er málið til skoðunar hjá Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga. Rekstri brennsluofna fylgir mengandi útblástur og mikilvægt að vanda staðarval og lagmarka neikvæð áhrif á nálæga hagsmuni.

Umsagnir:

1. Deiliskipulag Lögmannshlíðarkirkjugarðs í Akureyrarbæ.

2. Deiliskipulag Dysness í Hörgársveit.

María Markúsdóttir heilbrigðisfulltrúi kynnti umsagnir undir lið 1 og 2.

3. Deiliskipulag fyrir óskipt land Voga, Skútustaðahreppi, lýsing.

4. Deiliskipulag fyrir Hofstaði í Mývatnssveit, lýsing.

5. Deiliskipulag fyrir áningastað í Vikraborgum við Öskju, lýsing.

Porkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti umsagnir undir lið 3,4 og 5.

Umsóknir um starfsleyfi:

1. STEPS dancecenter ehf, kt. 680714-0290, endurnýjun á starfsleyfi vegna STEPS dancecenter, Tryggvabraut 24, 2. hæð, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
2. Líkamsræktin Bjarg ehf, kt. 460900-2980, tilkynning um nýjan rekstraraðila/forsvarsmann, vegna Bjargs líkamsræktar, Bugðusíðu 1., 603 Akureyri. **Samþykkt.**
3. Menico ehf, kt. 290469-1270, endurnýjun á starfsleyfi vegna útleigu á íbúðum á efri og neðri hæð Möðruvallstrætis 5, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
4. Menico ehf, kt. 290469-1270, endurnýjun á starfsleyfi vegna útleigu á íbúðum á efri og neðri hæð Munkaþverárstrætis 33, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
5. Menico ehf, kt. 290469-1270, umsókn um starfsleyfi vegna útleigu á íbúð að Hafnarstræti 86a (214-6941). **Samþykkt.**
6. Stjarnan ehf kt. 410949-0169, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi fyrir veitingastaðinn Subway, Glerártorgi, Gleráreyrum 1, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
7. Jeremías ehf kt. 680806-1440, umsókn um starfsleyfi vegna útleigu á íbúð á efri hæð Lögbergsgötu 3, 600 Akureyri. **Samþykkt.**

8. Gylfi Yngvason kt. 180956-4339, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á sumarhúsi að Skútustöðum 2 í Mývatnssveit, viðbót við núverandi starfsemi. **Samþykkt.**
9. Norðlenska ehf kt. 500599-2789, umsókn um starfsleyfi fyrir matvælavinnslu í húsnæði sem áður hýsti starfsemi Vísis hf á Hafnarsétt á Húsavík. **Samþykkt.**

Önnur mál:

-Ráðstefna um matvælaeftirlit í Kaupmannahöfn; Þorkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi sótti ráðstefnuna og kynnti helstu viðfangsefni sem voru til umfjöllunar á ráðstefnunni; s.s. aðgerðir gegn matarsóun, merkingar matvæla og upplýsingar til neytenda um óþols- og ofnæmisvalda í matvælum, áhættumat í matvælaiðnaði og eftirlit hjá minni og stærri matvælafyrirtækjum, þar sem tekin voru fyrir dæmi um nýjar framleiðsluaðferðir.

-Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 15.30

Jón Ingi Cæsarsson

Alfreð Schiöth

Hjördís Stefánsdóttir

Þorkell Björnsson

Benedikt Kristjánsson

Þórey Agnarsdóttir

Þórarinn Þórisson

María Markúsdóttir

Hólmfríður G. Jónsdóttir

Sigurgeir Höskuldsson